

**647. fundur haldinn miðvikudaginn 26. mars kl. 11:30
Gimli, Lækjargata 3 Reykjavík**

Mætt:

Einar Kristinn Guðfinnsson, formaður
Ísólfur Gylfi Pálmason, varaformaður
Steinn Lárusson, fulltrúi SAF
Hrönn Greipsdóttir, fulltrúi SAF
Pétur Rafnsson, fulltrúi Ferðamálasamtaka Íslands
Þórunn Gestsdóttir, varafulltrúi Sambands ísl. Sveitarfélga
Helgi Pétursson, fulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga
Helga Haraldsdóttir, samgönguráðuneyti
Magnús Oddsson, ferðamálastjóri

1. Fundargerð 646. fundar

Afgreiðsla: Samþykkt..

2. Styrkir til úrbóta á fjölsóttum ferðamannastöðum

Lögð var fram tillaga umhverfisfulltrúa í framhaldi af yfirferð umsókna skv. auglýsingu ráðsins.

Afgreiðsla: Tillagan samþykkt samhljóða

3. Hlutafélag um rekstur á Bryggjunni í Kaupmannahöfn

Lagðar fram samþykktir að stofnun hlutafélagsins,sem hafa verið unnar fyrir ferðamálaráð Íslands og Færeyja.

Afgreiðsla: Samþykkt með fyrirvara um samþykki samgönguráðuneytis.

4. Erindi Harðar Hilmarssonar

Lagt var fram erindi Harðar Hilmarssonar þar sem hann býður Ferðamálaráði til kaups skýrslu um íþróttatengda ferðapjónustu.

Afgreiðsla: Ferðamálastjóra falið að ræða við Hörð þar sem vilji er til að kaupa umrædda skýrslu, en verðhugmyndir aðrar en fram koma í erindi Harðar.

5. Tilnefning í stjórn Ráðstefnuskrifstofu Íslands

Ferðamálastjóri gerði tillögu um Ársæl Harðarson.

Afgreiðsla: Samþykkt.

6. Önnur mál

Þar sem um var að ræða síðasta fund þessa ferðamálaráðs þakkaði formaður ráðsmönnum fyrir mikið og gott samstarf.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 12:50